



# Svífðu litla, létta blað...

2. tbl., 4. árg., mars 2015, skóladeild Akureyrar



## Íslenskt Bananagrams

Ég er nýbúin að fá mér þetta spil, Bananagrams, sem ég hef séð bæði í Bónus og í A4.

Sama hugsun og í *Scrabble* en þægilegra, þar sem hvorki er stigareikningur né borð. Einfaldar spilareglur og mjög sniðugt að nota bæði í íslenskukennslu og í öðrum tungumálum.

Ég hef notað það á ýmsan hátt, t.d. hver er fljótastur að búa til fimm orð o.s.frv.

## Afi minn í sveitinni – vinnubók

Á heimasíðuna [www.akmennt.is/erlendir](http://www.akmennt.is/erlendir) er nú komin vinnubók með sögunni *Afi minn í sveitinni* eftir Friðrik Erlingsson. Þar er ég að reyna að tengja fræðslu um náttúruna við einfaldan og skemmtilegan lestexta.

Ég er svo byrjuð á bókinni *Annað sumar hjá afa* eftir Friðrik sem býður upp á ýmsa svipaða möguleika.

## Börn og tónlist

Í gær var ég að ræða við meistaranema í HA um fjölmenningu. Þar hitti ég m.a. danskan leikskólakennara sem hefur verið hér í nærri 15 ár og vinnur á leikskóla í Kópavogi. Hún benti mér á frábæran vef sem ég vissi ekki um:

[www.bornogtonlist.net](http://www.bornogtonlist.net)

Þarna er margt skemmtilegt að finna, bæði fyrir leikskóla og yngri bekkir grunnskóla. Á forsíðu vefsins er t.d. lag og texti um heimsálfurnar (með gítargripum) og til hægri á síðunni er flipinn „fjölbjóðlegt“ og þar er t.d. hægt að finna „afmælisönginn“ á mörgum tungumálum og lög og texta frá ýmsum þjóðlöndum. Ég var að skoða þennan vef áðan og þar eru margar flottar hugmyndir fyrir kennara! (Ég er með netfang Birte ef einhver vill nánari upplýsingar).



[http://bornogtonlist.net/Lagi%C3%B0\\_um\\_heims%C3%A1lfurnar/Lagi%C3%B0\\_um\\_heims%C3%A1lfurnar.pdf](http://bornogtonlist.net/Lagi%C3%B0_um_heims%C3%A1lfurnar/Lagi%C3%B0_um_heims%C3%A1lfurnar.pdf)

Með bestu kveðju,  
Helga